



# STRANDABYGGÐ

SÓI ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÓÐUL I OG ÍSA ALDURTREGI

Sjávarútvegs-  
og Landbúnaðarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík  
b.t. Hinriks Greipssonar

SÍAVARÚTVÉGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTID	
Skj. nr.	16.7.2
Innök	
18. FEB. 2010	
Aðm.	166
SLR	09090246

Hólmavík, 12. febrúar 2010

Varðar: Umsókn um byggðakvóta fyrir fiskveiðíárið 2009-2010.

Á fundi sveitarstjórnar Strandabyggðar þann 9. febrúar 2010 var samþykkt að setja eftirfarandi skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í Strandabyggð.

- Skipta skal einum fjórða úthlutaðs byggðakvóta, 25 þorskígildistónnum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, en 75 þorskígildistónnum skal skipt í hlutfalli við landaðan afla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins.

F.h. sveitarstjórnar Strandabyggðar,

Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri



# STRANDABYGGÐ

SÓL EK SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI KÖÐULI, OG ÍSA ALDURTREGI

Sjávarútvegs-  
og Landbúnaðarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík  
b.t. Hinriks Greipssonar

Hólmavík, 12. febrúar 2010

Varðar: Umsókn um byggðakvóta fyrir fiskveiðíarið 2009-2010.

Hér með fer sveitarstjórn Strandabyggðar þess á leit að fallið verði frá ákvæðum 6.gr. rgl. nr. 82/2010 þar sem kveðið er á um að fiskiskipum sé skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga. Samkvæmt 6.gr. hefur sjávarútvegsráðherra heimild til að víkja frá þessu skilyrði, að fengnum rökstuðningi viðkomandi sveitarstjórnar.

Því miður er engin fiskvinnsla til staðar í Hólmavík sem stendur og ekki fyrirsjáanlegt að það breytist í ár. Hins vegar er starfræktur fiskmarkaður sem hefur skilað tekjum til sveitarfélagsins og skapar tæp tvö stöðugildi. Þá hafa tekjur hafnarinnar rýrnað mikið gegnum árin og því afar mikilvægt að fá aflann landaðan á Hólmavík.

Þá fer sveitarstjórn Strandabyggðar einnig fram á að fallið verði frá ákvæðum 4.gr. rgl. nr. 82/2010 um að við úthlutun skuli ekkert fiskiskip hljóta meira en 15 þorskígildislestir þar sem það ákvæði gengur þvert á úthlutunarreglur Strandabyggðar.

F.h. sveitarstjórnar Strandabyggðar,

  
Ásdís Leifsdóttir, sveitarstjóri